

136. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
14. 9. 2022 kl. 8:30 – 10:00

Fundur settur kl. 8:30

Fundarstjóri: Vilhjálmur Magnússon

Ritari: Huguín Harpa Reynisdóttir

Mætt: Þórgunnur Torfadóttir, Ingunn Jónsdóttir, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Bjarni Guðmundsson, Vilhjálmur Magnússon, Gunnar Þór Jóhannesson, Kristján Sigurður Guðnason, Lilja Jóhannesdóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir og Huguín Harpa Reynisdóttir

Fjarverandi: Lind Völundardóttir

Framtíð og efling Nýheima

Huguín Harpa fór yfir markmið Nýheima þekkingarseturs og fjallaði um mikilvægi samstarfsnetsins fyrir eflingu menntunar, menningar, nýsköpunar og rannsókna á Suðausturlandi. Fór hún yfir markmið skipulagsskrár og þá hugmyndafræði sem samstarfsnetið byggir á.

Huguín Harpa sagði frá fundi húseigenda og þeim viðfangsefnum sem þar voru til umfjöllunar. Ýmis málefni hússins eru nú til endurskoðunar í hópi húseigenda sem munu hafa samband við fulltrúa stofnana í húsinu þegar sú vinna verður lengra á veg komin. Steinunn Hödd sagði frá heimsókn fulltrúa frá Vatnajökulsþjóðgarði, Framkvæmdasýslu ríkiseigna og Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytinu sem komu til að skoða og meta framtíðarvalkosti og uppbyggingu Þjóðgarðsins á Höfn. Hópurinn kom meðal annars í heimsókn í Nýheima og kynnti sér húsið og starfsemi þess. Umræður sköpuðust um áherslur samstarfsins, málefni hússins og hvernig megi efla Nýheima sem vettvang samfélagsins.

Fundaskipulag komandi vetrar

Stjórn fór yfir fundaskipulag komandi vetrar, forstöðumanni var falið að vinna smávægilegar breytingar á skipulaginu í samræmi við umræður fundarins. Ákveðið var að samstarfsfundir verði helgaðir umfjöllun um stoðir samstarfsins. Uppfært skipulag verður sent á stjórn.

Nýr stjórnarmaður Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu

Fundarstjóri greindi frá því að Lind Völundardóttir, nýr skólameistari Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu, muni taka sæti Eyjólfss Guðmundssonar í stjórn. Stjórn býður Lind velkomna til stjórnarstarfa.

Önnur mál

Vilhjálmur Magnússon greindi frá því að hann mun um áramót fara í námsleyfi frá störfum sínum í Vöruhúsinu.

Huguín Harpa sagði frá því að þekkingarsetrið býður öllum áhugasömum á fyrirlestur með streituráðgjafanum Aldísi Örnunni hjá Streituskólanum. Fyrirlesturinn verður haldinn mánudaginn 19. september klukkan 14:00 og ber heitið Lögmálið um lífsgæðin – Jafnvægi í lífi, leik og starfi og er

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið klukkan 10:15

Vilhjálmur Magnússon
Huguín Harpa Reynisd.